

Árlegur fundur með Samráðshópi um málefni aldraðra og sveitarstjórnum Hrunamannahrepps 2024

Haldinn í Ráðhúsinu á Flúðum þann 5. september 2024 kl. 16:00.

Mættir eru: Þróostur Jónsson, Guðrún S. Alfreðsdóttir, Anna E. Ipsen, Magnús H. Sigurðsson, Stefán G. Arngrímsson, Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sem ritaði fundargerð í tölvu.

Oddviti, Jón Bjarnason, setti fund og stjórnaði. Hann kynnti fyrirkomulag fundarins sem er haldinn samkvæmt samþykktum um samráðshóp um málefni aldraðra í Hrunamannahreppi.

Þróostur Jónsson, formaður samráðshópsins, kynnti þau málefni sem þarf að ræða.

Hér var gengið til dagskrár:

Álagning fasteignagjalda: Rætt um það fyrirkomulag sem er í gangi varðandi afslátt til eldri borgara. Lögð er áhersla á að afslátturinn nýtist sem best þeim sem á þurfa að halda.

Garðsláttur: rætt um fyrirkomulag garðslátt fyrir eldri borgara. Hópurinn leggur áherslu á að fyrirkomulag niðurgreiðslunnar verði kynnt vel fyrir eldri borgurum og jafnframt að veruleg hækkan verði á framlaginu á milli ára.

Dagbjálfun (dagvistun): vakin var athygli á því að ekki er lengur rætt um þetta úrræði sem dagvistun heldur er rætt um dagbjálfun. Starfshópur sveitarstjóra Uppsveita hefur komist að niðurstöðu um staðsetningu í Brautarholti og í Reykholti sem kynnt hefur verið og samþykkt af sveitarstjórnnum á svæðinu. Sveitarstjóri mun kanna hver staðan er á málín og hversu langt er í að úrræðin geti opnað.

Hjúkrunarrými: starfshópurinn kallaði eftir upplýsingum um hvort að einhver hreyfing væri á málefnum hjúkrunarheimilis í uppsveitunum. Oddviti fór yfir þær viðræður sem hafa verið í gangi við einkaaðila sem sýnt hafa áhuga á uppbyggingu á einhvers konar lífsgæðakjarna á Flúðum þar sem í væru þá búsetuúrræði fyrir eldra fólk sem og þá hjúkrunarrými. Þessi vinna er á frumstigi en full ástæða til að henni verði fylgt vel eftir.


VISS: rætt um aðstöðu á Heimalandsreitnum og hvernig hægt er að koma öllu enn betur fyrir en nú er gert.

ÁS. GSA A.S. 16.9.2024 Arg. 11. SS
A. B. B. B.

Sjúkrabjálfun og líkamsrækt: kynnt vinna sem er í gangi varðandi breytta líkamsrækt og aðstöðu fyrir sjúkrabjálfara sem mun opna í nóvember vonandi.

Önnur mál: rætt um að gaman væri að setja bekk við markasteininn sem er á mörkum Hrafnkelsstaða og Efra Langholts. Einnig mun væntanlega verða settur bekkur á móts við Mela. Ennfremur kom fram að greiða þarf framlagið til félagsins án þess að þurfi að biðja um það.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:50.

Charlfi Guðrún Þ. J.
Kerstin Þórhildur
Ólafur Q. Þorvaldsson
Alexandra R. Johannesson
Robert Haukssay

Ragnar Vignisdóttir
Aldrit Hafðarval